

Öryggisstefna Borgarbyggðar

Borgarbyggð hagnýtir upplýsingatækni og upplýsingakerfi við varðveislu gagna og miðlun þeirra á sem hagkvæmastan hátt. Upplýsingakerfi sveitarfélagsins innihalda viðkvæmar og í sumum tilvikum persónugreinanlegar upplýsingar sem ekki má nota í öðrum tilgangi en vegna starfsemi þess. Trúverðugleiki og hagsmunir aðila, sem tengjast málum er upplýsingarnar varða, gætu skaðast ef upplýsingarnar eru ónákvæmar, komast í rangar hendur eða eru ekki aðgengilegar þegar þeirra er þörf.

Afleiðingar þess að fyllsta öryggis sé ekki gætt gætu m.a. orðið eftirfarandi:

- Fjárhagslegir hagsmunir sveitarfélagsins gætu skaðast
- Röskun gæti orðið á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa sína eða aðra er þurfa á þjónustu sveitarfélagsins að halda
- Viðkvæm persónugreinanleg gögn geta komist í hendur óviðkomandi aðila

Borgarbyggð leggur áherslu á mikilvægi meðferðar upplýsinga og upplýsingakerfa, þ.e.a.s. upplýsingaöryggi í heild sinni, í allri starfsemi sinni. Því hefur sveitarfélagið sett sér stefnu og skilgreint formlegt verklag vegna vinnu starfsfólks og þjónustuaðila við gögn og upplýsingakerfi.

Öryggisstefnan nær til umgengni og vistunar allra gagna sem eru í vörslu Borgarbyggðar sem og samstarfs- og þjónustuaðila, hvort sem þau eru á rafrænu formi, prentuðu eða í mæltu máli. Þannig einsetur Borgarbyggð sér að verja upplýsingar gegn innri og ytri ógnum hvort sem þær eru vísitandi eða óviljandi.

Öryggisstefnan nær einnig til vandaðrar umgengni og meðferðar á persónugögnum. Starfsfólk sveitarfélagsins fylgir sérstöku verklagi þegar unnið er með persónugögn til að tryggja hagsmuni þeirra er gögnin ná til.

Markmið með útfærslu og innleiðingu öryggiskerfis sveitarfélagsins er að tryggja, ef skaði verður, áframhaldandi rekstur og lágmarka tjón með því að koma í veg fyrir eða lágmarka áhrif af atvikum sem geta truflað rekstur og þjónustu.

Stjórnendur sjá til þess að öryggisstefna þessi sé endurskoðuð reglulega með formlegum hætti. Við þá endurskoðun er sú hætta sem steðjað getur að þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun og innihalda persónuupplýsingar, sem og öðrum kerfum er tengjast þeim, endurmetin. Í kjölfar slíks endurmats og endurskoðunar er öryggisstefnan uppfærð og samþykkt formlega, auk þess sem stefnan og hugsanlegar breytingar á henni eru kynntar starfsfólki og samstarfsaðilum. Öryggisstefna sveitarfélagsins er byggð upp með tilliti til trúnaðar, réttleika og tiltækileika gagna.

Trúnaður:

Borgarbyggð mun útfæra öryggiskerfi sín á þann veg að hámarka líkur á því að eingöngu aðilar sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum.

Réttleiki gagna:

Borgarbyggð vill tryggja að upplýsingar sem skráðar eru hjá sveitarfélaginu séu á hverjum tíma réttar og nákvæmlega skráðar. Einnig að ónákvæmar, villandi, rangar eða úreltar upplýsingar séu leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið þegar slíkt uppgötvast og haldið verði uppi reglubundnu eftirliti í þeim tilgangi.

Aðgengi gagna:

Borgarbyggð vill tryggja að upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfi sveitarfélagsins séu aðgengilegar, þeim sem hafa heimild til notkunar í kerfinu, þegar þeirra er þörf. Jafnframt að hægt sé að endurheimta kerfi og gögn sem kunna að eyðileggjast með hjálp neyðaráætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað. Til að uppfylla trúnað, réttlæika og tiltækileika gagna tryggir Borgarbyggð að aðgangsheimildum notenda sé stýrt á formlegan og rekjanlegan hátt m.a. til að komast hjá sviksemi.

Sveitarfélagið hefur skilgreint almenna öryggisþætti sem skýra ábyrgð aðila, markmið og tilgang stefnunnar sem og umfang hennar. Að auki hefur Borgarbyggð skilgreint sértæka öryggisþætti er lýsa nánar þeim öryggiskröfum sem Borgarbyggð hyggst mæta í öllum rekstri sínum. Þær sértæku öryggiskröfur ná m.a. til neðangreindra þátta:

- Neyðarstjórnun og öryggisfrávik
- Staðlar, lög og reglugerðir
- Verðmætaskráning og lýsing á upplýsingakerfum
- Hugbúnaður
- Skipulagning og samþykki kerfa
- Útvistun upplýsingakerfa og gagna
- Öryggi fasteigna/umhverfisöryggi
- Trúnaðarheit
- Meðferð búnaðar
- Aðgangsöryggi
- Flokkun gagna og skjala
- Meðhöndlun gagna og skjala
- Gagnaöryggi – leynd og réttlæiki gagna
- Áhættumat
- Meðhöndlunar persónugagna
- Starfsfólk og öryggi
- Notkun tölvupósts og internets
- Þráðlaus netkerfi
- Fjarvinna
- Vernd gegn spillihugbúnaði
- Neyðaráætlanir
- Almennar kröfur til þjónustuaðila
- Rekstraröryggi
- Viðbrögð við öryggisfrávikum
- Verklagsreglur
- Fræðsla
- Verndun mikilvægs vélbúnaðar
- Snjallsímar og spjaldtölvur
- Förgun búnaðar og miðla
- Handbók um öryggismál
- Endurskoðun, áhættumat og innra eftirlit

Sú hættu sem steðjað getur að þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun hjá Borgarbyggð sem gagnasöfnum sem tengjast þeim er endurmetin reglulega. Í kjölfar slíks endurmats og endurskoðunar skal uppfæra öryggisstefnu þessa og samþykkja formlega, auk þess sem stefnan og breytingar sem á henni kunna að vera gerðar, kynnt starfsfólki og samstarfsaðilum.

Lög og reglur

Öryggisstefna þessi tekur mið af lögum og reglugerðum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (sjá lög nr. 77/2000) og af öryggisstaðlinum ÍST 27001:2013. Öryggisstefnan er í fullu samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Starfsfólk sem hefur aðgang að upplýsingum, sem og þeir samstarfsaðilar sveitarfélagsins sem koma að rekstri upplýsingakerfa þess, skulu hafa aðgang að og þekkja til öryggisstefnu þessarar, ferla, reglna og handbókar um öryggi gagna sem snertir vinnu þeirra.

Um meðferð og viðbrögð við brotum á reglum þessum er vísað til laga sem og verk- og kjarasamninga.

Undir öryggisstefnu ritar sveitarstjóri og sveitarstjórn.

Þannig staðfest af sveitarstjórn 12. apríl 2018
